

VIÐRÆÐUÁÆTLUN
Vegna endurnýjunar kjarasamninga sem verða lausir 1. febrúar 2014

1. Gildissvið

Viðræðuáætlun þessi nær til endurnýjunar á kjarasamningi Faxaflóahafna annars vegar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hins vegar.

2. Upphaf og skipulag samningaviðræðna

Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um væntanlegan kjarasamning hið fyrsta. Við upphaf viðræðna kynni samningsaðilar hvernig samninganefndir eru skipaðar, ræða um reynslu af gildandi samningi og leggja fram helstu markmið sín og áherslur í komandi kjaraviðræðum.


Í kjölfarið munu aðilar setja sér sameiginlega áætlum um verk- og tímapætti viðræna, nauðsynlega gagnaöflun og tengd atriði. Samningaviðræðum verði hagað samkvæmt sameiginlegri áætlun um einstaka efnisþætti kjarasamningsins.

Aðilar ákveði nánar hverju sinni fundarstað, tíma og umræðuefni hvers fundar. Fundir verði eftir því sem unnt er haldnir á hefðbundnum vinnutíma.


3. Markmið um lok samningsgerðar

Viðræðuáætlun þessi er gerð með það að markmiði að aðilar kjarasamnings nái að gera kjarasamning sín á milli fyrir 31. Janúar 2014 þannig að nýr kjarasamningur geti tekið við af þeim sem nú er í gildi.

Reykjavík, 3. desember 2013

F.h. Faxaflóahafnir

Gísli Gíslason

F.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar


Gerður Hilmarsson